



Varðar: Sogavegur 3, (fsp) stækkun lóðar

Skoðuð er fyrirspurn Djúpadals ehf. f.h. Fiskikóningsins, dags. 21. júlí 2023, varðandi stækkun lóðar nr. 3 við Sogaveg.

SOGAVEGUR 3 Í - FYRIRSPURN VEGNA STÆKKUNAR Á LÓÐ



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Afstöðumynd lóðar

Skipulagsleg staða:

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er lóðin á verslunar- og þjónustusvæði (VP54). Ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu þannig að byggingarleyfisumsóknir hafa verið grenndarkynntar.



Umsögn:

Enn á ný er óskað eftir að stækka lóð nr. 3 við Sogaveg. Frá 2008, þegar samþykkt var að innrétta fiskbúð í húsinu, hafa verið til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúanum og byggingarfulltrúanum í Reykjavík fjölmörg erindi er varða breytta uppbyggingu á lóðinni.

Síðasta erindið sem var til meðferðar hjá skipulagsfulltrúa var umsókn um stækkun lóðar úr 630 m² í 933,0 m² sem samþykkt var 16. nóvember 2022. Bæði í svörum við athugasemdir sem bárust í grenndarkynningu þess erindis, og eins í umsögn um byggingarleyfisumsókn fyrir viðbyggingu sem liggur inni hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík, hefur verið tekið fram að leysa beri flóttaleiðir innan lóðar.

Nú liggur fyrir fyrirspurn um stækkun lóðar svo hún nái að flóttaleið sem fyrirhuguð var út úr kjallara á norðurhlið. Í ljósi þess að lóð hefur verið stækkuð all nokkuð er fyrri afstaða skipulagsfulltrúa ítrekuð um að leysa beri flóttaleið innan núverandi lóðamarka.

Niðurstaðan:

Neikvætt er tekið í fyrirspurn um stækkun lóðar samanber umsögn hér að ofan.

F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri